

Númer: 6/2019

Dreifibréf til eftirlitsskyldra aðila

Reykjavík, 13. febrúar 2019

Tilvísun: 2017100025

**Efni: Drög að endurskoðuðum reglum um heimild Fjármálaeftirlitsins til að ljúka máli með sátt**

Fjármálaeftirlitið hefur gefið út umræðuskjal nr. 1/2019 sem inniheldur drög að endurskoðuðum reglum um heimild Fjármálaeftirlitsins til að ljúka máli með sátt. Núgildandi reglur eru nr. 728/2014 og vegna lagabreytinga er nauðsynlegt að uppfæra tilvísanir í 7. gr. reglnanna um heimildir Fjármálaeftirlitsins til að ljúka máli með sátt.

Einnig eru lagðar til breytingar í 4. gr. reglnanna. Í gildandi reglum er gengið út frá því að samkomulag um sátt sé dagsett áður en það er sent til málsaðila. Komið hefur í ljós að óheppilegt er að dagsetja skjalið fyrirfram. Réttara þykir að hvor aðili um sig, þ.e. málsaðili og Fjármálaeftirlitið, skrái dagsetningu þegar ritað er undir samkomulagið. Framkvæmdin hefur verið þannig um skeið og rétt þykir að reglurnar endurspegli þá framkvæmd.

Með þessu dreifibréfi gefur Fjármálaeftirlitið viðtakendum kost á að gera athugasemdir við drögin, Skjölín eru birt á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins, <https://www.fme.is/log-og-tilmaeli/umraeduskjol/>

Fjármálaeftirlitið óskar eftir því að athugasemdir umsagnaraðila við meðfylgjandi umræðuskjöl berist eftirlitinu eigi síðar en 28. febrúar 2019. Óskað er eftir að umsagnir séu ritaðar á þar til gert umsagnareyðublað sem finna má á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins, sbr. nánari skýringar á forsiðum meðfylgjandi umræðuskjals. Umsagnareyðublaðið skla sent á netfangið [fme@fme.is](mailto:fme@fme.is)

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ



Anna Mjöll Karlsdóttir



Rúnar Örn Olsen